

## Heimsókn Vale de Almeida frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins



F.v. Almeida og Erlendur Kristjánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti

Vale de Almeida, yfirmaður æskulýðsmála hjá Framkvæmdastjórn [Evrópusambandsins](#), heimsótti menntamálaráðuneyti þann 20. apríl sl. þar sem hann átti fund með starfsmönnum ráðuneytisins, fulltrúum æskulýðsfélaga, formönnum æskulýðs- og tómsundaráða, æskulýðs- og tómsundafulltrúum sveitarfélaga og ýmsum aðilum er vinna með börnum og ungmennum. Á fundinum fjallaði Almeida m.a. um Ungmennaáætlun ESB, Hvítbókina (stefnu Evrópusambandsins í æskulýðsmálum) og um undirbúning að nýrri ungmennaáætlun sem væntanlega kemur til framkvæmda árið 2007.

Þá flutti Almeida erindi á Evrópuþingi skáta sem haldið var í Reykjavík, dagana 17. til 21. þ.m. Þingið sátu um 450 skátar.

## Evrópsk verðlaunasamkeppni um nám á Netinu – eLearning Awards

Evrópska skólanetið stendur nú í fjórða skipti fyrir samkeppninni nám á Netinu, [eLearning Awards](#). Í öll skiptin hafa eitt eða fleiri íslensk verkefni keppt til úrslita og ávallt hefur íslenskt verkefni hlotið verðlaun. Verkefni hafa tengst öllum skólastigum og verið afar fjölbreytt. Verðlaun eru veitt fyrir framúrskarandi notkun á upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfi. Á þessu ári er heildarverðlaunaféð 30 þúsund evrur, um 2,6 milljónir króna, sem skiptist á nokkra flokka. Fulltrúum þeirra verkefna sem hljóta verðlaun er boðið til Prag í Tékklandi þar sem verðlaunaafhending fer fram í nóvember á þessu ári.

Í ár eru veitt 1. – 3. verðlaun fyrir bestu notkun á upplýsingatækni í menntun. Einnig eru veitt verðlaun fyrir bestu „námseininguna“ („learning object“) og verðlaun fyrir bestu notkun á upplýsingatækni í raungreinakennslu. Þá eru líka verðlaun veitt til stofnana sem sinna fræðslumálum en eru ekki skólar, til samstarfsverkefna skóla, til menningarverkefna og verkefna sem tengja nemendur við umheiminn.

Vefur keppinnar er á slóðinni [elearningawards.eun.org](#) en einnig er að finna upplýsingar um hana á [menntagatt.is](#). Af forsiðu vefs keppinnar er hægt að skrá sig inn og fá eyðublað til að skrá verkefni í keppnina. Nánari upplýsingar vegna skráningar í keppnina, er að finna hjá Chris Coakley hjá Evrópska skólanetinu: [chris.coakley@eun.org](mailto:chris.coakley@eun.org) eða Birni Sigurðssyni hjá Menntagátt: [bjorn@menntagatt.is](mailto:bjorn@menntagatt.is).

Hægt er að skrá verkefni fyrir 1. september nk. til að eiga möguleika á verðlaunum.



## Nemendur Kvennaskólans í heimsókn

Nýverið heimsóttu nemendur Kvennaskólans sinn fyrrverandi skólameistara Aðalstein Eiríksson, verkefnisstjóra í menntamálaráðuneyti, og heiðruðu hann með dansi og söng. Heimsóknin er orðin árvis viðburður og að þessu sinni stigu Aðalsteinn og ráðherra dans með nemendum.

## Nýjar námskrár á ensku



Út eru komnar 3 námskrár á ensku, [National Curriculum Guide for Upper Secondary School – Life Skills](#) (lífsleikni fyrir framhaldsskóla), [National Curriculum Guide for Compulsory School – Life Skills](#) (lífsleikni fyrir grunnskóla) og [National Curriculum Guide for Compulsory Schools – General Section](#) (aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti). Hægt er að nálgast námskrárnar á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#). Einnig er hægt að leita í námskrám á vef Menntagáttar, [menntagatt.is](#).

## Rauvísindaping í Öskju, nýju náttúruvísindahúsi

Fyrsta [Rauvísindapingið](#) var haldið á vegum Háskóla Íslands í Öskju, nýju náttúruvísindahúsi, dagana 16. og 17. apríl sl. Fluttir voru 50 fyrirlestrar í málstofum þingsins. Einnig voru yfir eitt hundrað veggspjöld þar sem fjölbreyttar rannsóknir voru kynntar.

Í máli menntamálaráðherra við setningu þingsins kom fram að með lögum um Vísinda- og tækniráð [nr. 2/2003](#) voru skapaðar forsendur fyrir samræðuvettvang fyrir stjórnvöld og vísinda og atvinnulíf um vísindi og tækni. „Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að tvöfalda á kjörtímabilinu ráðstöfunarfé sjóða sem efna til samkeppni um opinbera styrki til rannsókna er stigið þýðingarmikið skref til þess að efla þessa starfsemi. Þessi leið samkeppinnar er jafnframt sú leið sem farin er í vísindunum sjálfum þegar verið er að skilja hafrana frá sauðunum. Hún er líklegust til þess að tryggja að þeir sem búa yfir mestri hæfni til rannsókna fái í sinn hlut stærri skerf af því fjármagni sem hið opinbera og atvinnulífið verja til rannsókna og þróunarstarfsemi. Vísinda- og tækniráð, undir forystu forsætisráðherra, kemur saman að nýju í maímánuði og þá er þess að vænta að enn verði stigin skref til þess að styrkja og efla rannsóknastarfsemina í landinu.“ Í lokaorðum sínum sagði menntamálaráðherra: „Ég treysti því einnig að í orðum þeirra sem hér taka til máls megi merkja staðfastan stuðning við það sjónarmið að um leið og tryggt er nauðsynlegt frelsi til rannsókna þá axli vísindin þá ábyrgð að horfa um leið til þess sem kemur okkur Íslendingum að gagni.“

**Gleðilegt sumar!**

